

13. október 1978.

763

Nr. 365.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 4. gr. laga nr. 83 18. maí 1978 um jöfnunargjald, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 233 21. júní 1978 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 13. október 1978.

Tómas Árnason.

Björn Hafsteinsson.

29. september 1978.

Nr. 366.

AUGLÝSING

um að jarðirnar Auðsholt I, III og IV í Biskupstungnahreppi skuli framvegis tilheyra Hrunamannahreppi.

Samkvæmt beiðni eigenda jarðanna Auðsholts I, III og IV í Biskupstungnahreppi, samþykki hreppsnefndar Biskupstungnahrepps og hreppsnefndar Hrunamannahrepps og meðmælum sýslunefndar Árnessýslu, vill ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 tilkynna eftirfarandi:

Jarðirnar Auðsholt I, III og IV í Biskupstungnahreppi skulu hér eftir tilheyra Hrunamannahreppi og skulu hin nýju hreppamörk milli Biskupstungnahrepps og Hrunamannahrepps vera í samræmi við landskiptagerð Auðsholtsjarða frá 9. júlí 1957.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

13. október 1978.

Nr. 367.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir hreppsmál yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innistæðufé hreppsins, og öll önnur skjöl

og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefnd á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin á ráðningarsamningi þeim, sem getur í 5. gr. og greiðast úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans og orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningasamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Upp-sagnafrestur af hendi hvors aðila eru 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Nesjahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 13. október 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Þórshafnarkaupúni.

1. gr.

Hreppsnefnd Þórshafnar ákveður að leggja B-gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

B-gatnagerðargjald er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu, svo og að ganga endanlega frá gangstétt.

2. gr.

1. Íbúðir m/bifreiðageymslu í einbýlishúsum að 500 m ³	kr. 210 000
2. Parhús að 400 m ³ hvor íbúð	— 150 000
3. Tvíbýlishús á tveimur hæðum og tveggja íbúða hús á einni hæð, að 400 m ³ hvor íbúð	— 130 000
4. Raðhús á einni hæð. að 300 m ³ hver íbúð	— 120 000
5. Raðhús á tveimur hæðum og fjölbýlishús með 3—4 íbúðum að 300 m ³ hver íbúð	— 110 000
6. Fjölbýlishús og bílageymslur, að 300 m ³ hver íbúð	— 70 000